

Svar

matvælaráðherra við fyrirspurn frá Valgerði Árnadóttur um verksmiðjubúskap.

1. *Hver er skilgreiningin á verksmiðjubúskap annars vegar og þauleldi hins vegar?*

Skilgreining á hugtakinu verksmiðjubúskapur liggur ekki fyrir í íslenskum lögum.

Hvað hugtakið þauleldi varðar kemur eftirfarandi fram í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 111/2021, um umhverfismat framkvæmda og áætlana: „Varðandi skilgreiningu á hugtakinu þauleldi vísast til leiðbeiningarits framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um skilgreiningar á tilteknum framkvæmdaflokkum í viðauka I og II í tilskipun um umhverfismat framkvæmda. Þar er þauleldi búfjár skýrt á sama hátt og þauleldi á fiski. Það má útleggja sem eldi búfjár í miklum þéttleika þar sem beitt er tilteknum aðferðum til að auka framleiðslu umfram náttúrulega getu umhverfisins og þar sem almennt er þörf á aðfluttu fóðri til að vega upp á móti takmarkaðri getu svæðisins þar sem eldið fer fram til að standa undir eldi af því umfangi og þéttleika sem um er að ræða. Framkvæmdaflokkurinn á sér samsvörun í e-lið 1. tölul. viðauka II í tilskipun 2011/92/ESB.“ Lögin eru á forræði umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins og er vísað til þess ráðuneytis hvað frekari skýringar varðar.

2. *Hver er stefna ríkisstjórnarinnar hvað varðar þessar greinar með tilliti til dýravelferðarsjónarmiða?*

Í stjórnarsáttmála Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs kemur fram að íslenskur landbúnaður og fiskeldi séu þungamiðja í innlendra matvælaframleiðslu sem verði eflað á kjörtímabilinu. Með auknum áhuga á hreinum afurðum, sem framleiddar séu með endurnýjanlegri orku og grunnu kolefnisspori á Íslandi, skapist mikil sóknarfæri í framleiðslu matvæla og ýmissa hliðarafurða. Þá fer matvælaráðuneytið með forræði laga nr. 55/2013, um velferð dýra, og í lögum kemur fram að markmið þeirra sé að stuðla að velferð dýra, þ.e. að þau séu laus við vanlíðan, hungur og þorsta, ótta og þjáningu, sársauka, meiðsli og sjúkdóma, í ljósi þess að dýr eru skyni gæddar verur. Enn fremur sé það markmið laganna að dýr geti sýnt sitt eðlilega atferli eins og frekast er unnt.

3. *Hyggst ráðherra kanna hvað veldur því að Matvælastofnun gefur ekki upp ópersónugreinanlegar upplýsingar sem eiga að vera almenningsopnar á grundvelli upplýsingalaga, nr. 140/2012, þegar frjáls félagasamtök sem láta sig dýravelferð varða leita eftir þeim?*

Matvælastofnun er ríkisstofnun undir yfirstjórn matvælaráðherra og í því felst meðal annars útgáfa stjórnvaldsfyrirmæla og eftirlit með stofnuninni. Þá er heimilt að bera synjun um beiðni um aðgang að gögnum samkvæmt upplýsingalögum, nr. 140/2012, undir úrskurðarnefnd um upplýsingamál skv. 20. gr. upplýsingalaga. Nefndin er sjálfstæð í störfum sínum og úrskurðum hennar verður ekki skotið til annarra stjórnvalda.

4. *Hver er fjöldi dýra í verksmiðjubúskap og þaueldi á Íslandi, flokkað eftir tegundum?*

Matvælaráðuneytið birtir margháttaðar upplýsingar um fjölda búfjár og búfjäreigenda eftir tegundum á mælaborði landbúnaðarins, en búin eru ekki flokkuð. Umhverfisstofnun gefur út starfsleyfi fyrir starfsemi samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og vísast þar af leiðandi til þeirrar stofnunar eða umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins hvað ítarlegri upplýsingar um þaueldi varðar.

5. *Hversu mörg starfsleyfi eru í gildi samkvæmt lið 6.6 í viðauka I í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998? Óskað er eftir sundurliðun eftir tegundum. Einnig er óskað eftir sundurliðun gilda starfsleyfa hvert ár sl. fimm ár.*

Matvælastofnun veitir starfsleyfi á grundvelli laga nr. 93/1995, um matvæli. Lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, eru hins vegar á forræði umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins og gefur Umhverfisstofnun út starfsleyfi fyrir starfsemi samkvæmt lögnum. Matvælaráðuneytið hefur því ekki upplýsingar um fjölda gildandi starfsleyfa á grundvelli laganna, sundurliðuð eftir tegundum.